

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. október 2015

### **Efni: Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga**

Viðskiptaráð þakkar fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind frumvarpsdrög sem birt voru á vefsíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins 16. september sl.

Með frumvarpinu er stefnt að innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2013/34/ESB um ársreikninga. Með þeirri tilskipun voru felldar úr gildi tilskipanir Evrópusambandsins nr. 78/660/EBE og nr. 86/349/EBE um ársreikninga. Auk þess innihalda frumvarpsdrögin lagabreytingar sem ekki er kveðið á um í tilskipuninni.

Viðskiptaráð telur æskilegt að löggjöf viðskiptalífsins sé í meginatriðum samræmi við löggjöf á evrópska efnahagssvæðinu. Hins vegar þreytist ráðið ekki á að ítreka mikilvægi þess að reglur séu ekki innleiddar hér á landi með meira íþyngjandi hætti en nauðsyn krefur. Innleiðing reglna með meira íþyngjandi hætti en þörf er á til þess að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands er til þess fallin að skerða samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja með neikvæðum afleiðingum fyrir íslenskt efnahagslíf.

Í upphafi er rétt að geta þess að Viðskiptaráð telur margt það sem fram kemur í frumvarpsdrögunum vera til bóta. Ber þar helst að nefna einföldun regluverks gagnvart smærri fyrirtækjum. Ráðið gerir hins vegar alvarlegar athugasemdir við ákveðna hluta frumvarpsdraganna. Að mati Viðskiptaráðs er í frumvarpsdrögunum að mörgu leyti gengið lengra en samkvæmt þeim tilskipunum sem markmiðið er að innleiða, án þess að slíkar sérreglur fyrir íslenskan markað séu rökstuddar í greinargerð með drögunum.

## Örfélög ekki af sömu stærð á Íslandi og í Evrópu

Í frumvarpsdrögum er lögð til ný stærðarflokkun félaga sem nær meðal annars til minnstu félaganna, svonefndra örfélaga. Samkvæmt frumvarpsdrögum eru örfélög skilgreind sem þau félög sem ekki fara yfir mörkin á a.m.k. tveimur af eftirfarandi viðmiðum.

- 1) Minna en 20 milljónir í niðurstöðutölu efnahagsreiknings
- 2) 40 milljónir í hreina veltu
- 3) 3 ársverk að meðaltali

Þessi skilgreining á örfélögum er mun þengri en sú skilgreining sem sett er fram í tilskipuninni. Þar kemur eftirfarandi fram í 1. tl. 3. gr.:

*In applying one or more of the options in Article 36, Member States shall define micro-undertakings as undertakings which on their balance sheet dates do not exceed the limits of at least two of the three following criteria:*

- (a) balance sheet total: EUR 350 000;*
- (b) net turnover: EUR 700 000;*
- (c) average number of employees during the financial year: 10.*

Þarna er miðað við 50 milljónir króna í niðurstöðutölu efnahagsreiknings, 100 milljónir króna í hreina veltu og 10 ársverk.

Í greinargerð með frumvarpsdrögum er ekki rökstutt hvers vegna miðað sé við ofangreind stærðarmörk en ekki ákvæði tilskipunarinnar sem ætlunin er að innleiða. Þar kemur einungis eftirfarandi fram um þetta atriði:

*Undanþágur fyrir örfélög samkvæmt tilskipuninni eru valfrjálssar og því var farið yfir markaðinn hér á landi og ákveðið að leggja til umræddar breytingar fyrir um 80% félaga hér á landi eins og áður hefur komið fram.*

Þess er ekki getið hvaða markmiði verði náð með þessu fyrirkomulagi eða hvaða skaði kunni að hljóta af því að skilgreina örfélög með sama hætti og önnur Evrópuríki. Að mati Viðskiptaráðs ættu sömu viðmið að gilda fyrir örfélög hér á landi og tíðkast annars staðar þannig að fleiri félög njóti þeirrar einföldunar sem regluverkið býður upp á. Í tilskipuninni eru undanþágur til handa örfélögum rökstuddar með eftirfarandi hætti:

*Micro-undertakings have limited resources with which to comply with demanding regulatory requirements. Where no specific rules are in place for micro-undertakings, the rules applying to small undertakings apply to them. Those rules place on them administrative burdens which are disproportionate to their size and are, therefore, relatively more onerous for micro-undertakings as compared to other small undertakings.*

Þessi rök eiga að mati Viðskiptaráðs jafnt við um félög hér á landi og annars staðar í Evrópu, séu þau af sömu stærð. Engin ástæða er til að leggja þyngri reglubyrði á íslensk fyrirtæki einvörðungu vegna þess að færri félög eru rekin hér á landi en í flestum Evrópuríkjum.

## Virða þarf persónuverndarsjónarmið

Viðskiptaráð telur einnig rétt að nýtt verði sú heimild sem Evróputilskipunin veitir um að undanskilja örfélög frá skyldunni til að skila ársreikningum til opinberrar birtingar. Eins og fram kemur í greinargerð tilskipunarinnar getur birting slíkra gagna verið afar íþyngjandi fyrir örfélög. En slík félög eru oft og tíðum stofnsett til að halda utan um rekstur einyrkja. Telur ráðið ástæðu til að gæta í meiri mæli að sjónarmiðum um persónuvernd í þessu samhengi.

## Skaðleg tillaga um takmörkun arðgreiðslna

Í frumvarpsdrögum eru lagðar til breytingar á heimildum til greiðslu arðs vegna matsbreytinga á virði fjárfestingareigna. Kveður breytingin á um að slíkar matsbreytingar skuli færa á gangvirðisreikning og þeim megi ekki ráðstafa til eiganda með arðgreiðslum nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Breytingu þessa má finna í 26. gr. draganna þar sem fjallað er um breytingu á 39. gr. laga um ársreikninga. Í umfjöllun um 21. gr. frumvarpsdraganna í greinargerð segir að ákvæði 7. gr. Evróputilskipunarinnar fjalli um endurmat á fastafjármunum og eigi því við ákvæði 31. og 39. gr. laga um ársreikninga en ákvæði 8. gr. tilskipunarinnar fjalli um gangvirðisamat fjármálagerninga og eigi því við ákvæði 36. - 38. gr. laganna.

Viðskiptaráð telur þetta vera ranga túlkun á tilskipuninni og vonast til þess að ráðuneytið taki ákvæðið til nánari athugunar. Ljóst er að í 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar eru settar fram takmarkanir á ráðstöfun matsbreytinga þegar fyrirtæki meta *fastafjármuni* á endurmetnu verði. Ákvæði 39. gr. laga um ársreikninga tekur hins vegar til *fjárfestingareigna* sem lúta ekki sömu skilyrðum og fastafjármunir. Því eiga takmarkanir 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar ekki við um slíkar eignir.

Til fastafjármuna teljast þær eignir sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar. Með fjárfestingareign er hins vegar átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna en er ekki til notkunar í rekstri félagsins. Að mati Viðskiptaráðs er óeðlilegt að sömu skilyrði gildi um ráðstöfun virðishækkanna þessara tveggja tegunda eigna. Enda er gerður greinarmunur á þessum ólíku tegundum eigna í tilskipuninni.

Að mati Viðskiptaráðs er um verulega íþyngjandi breytingu að ræða fyrir íslensk fyrirtæki án án þess að það sé rökstutt í greinargerð frumvarpsdraganna hvaða markmiði ætlunin er að ná með framangreindri útfærslu.

Breytingin sem 26. gr. frumvarpsdraganna er sérstaklega íþyngjandi fyrir fasteignafélög þar sem matsbreytingar fjárfestingareigna er verulegur hluti af rekstrargrundvelli þeirra. Íslenskt efnahagsumhverfi einkennist af hárrí verðbólgu samanborið við önnur Evrópuríki.<sup>1</sup> Bæði nafnvirði fasteigna og skuldir vegna þeirra hækka í takt við þá þróun. Verði sú breyting sem lögð er til á 39. gr. laga um ársreikninga að lögum má ætla að arðgreiðslugeta fasteignafélaga héraendis verði lítil eða engin þrátt fyrir að rekstur félaganna verði arðbær.

Eigi fjárfestar þess ekki lengur kost að fá greiddan arð af hlutum sínum í fasteignafélögum má ætla að vilji þeirra til að binda fjármuni sína í slíkum félögum verði takmarkaður. Afleiðing þess væri að verðmæti félaganna myndi minnka verulega. Í dag nemur verðmæti hlutafjár þeirra fasteignafélaga sem skráð eru á markað yfir 80 ma. kr.<sup>2</sup> Verði frumvarpið að lögum er hætt við að stór hluti þeirra verðmæta þurrkist út.

Tillaga þessi felur jafnframt í sér forræðishyggju. Þótt það komi ekki skýrt fram í greinargerðinni má ætla að markmiðið með ákvæðinu sé að koma í veg fyrir að rekstraraðilar hlunnfari lánveitendur með óhóflegum arðgreiðslum og gjaldþrotaskiptum í kjölfarið. Lánveitendur hafa hins vegar sjálfir girt fyrir að slíkt geti átt sér stað. Þannig setja lánveitendur sérstök ákvæði (e. covenants) þess efnis í samningum sínum við fjárfestingarfélög. Þar er

---

<sup>1</sup> Ársverðbólga frá aldamótum er að meðaltali 5,8% á Íslandi samanborið við 1,9% á öðrum Norðurlöndum samkvæmt hagstofum Norðurlandanna. Verðbólga er því um þrefalt hærri héraendis.

<sup>2</sup> Samkvæmt ársreikningum Eikar, Regins og Reita nam samanlagt eigið fé félaganna þriggja um 82 ma. kr. við lok 2. ársfjórðungs 2015.

kveðið á um bókhaldsleg skilyrði sem nú þegar koma í veg fyrir með fullnægjandi hætti að hlutafjäreigendur geti greitt sér út arð umfram getu félagsins.

Eitt markmiða sitjandi ríkisstjórnar í stefnuyfirlýsingu sinni var að endurskoða regluverk atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. Viðskiptaráð telur umrædda breytingu á 39. gr. laga um ársreikninga vera í ósamræmi við þetta markmið.

#### **Of ströng viðurlagaákvæði**

Viðskiptaráð gerir einnig athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til á viðurlagaákvæðum ársreikningalaga. Í frumvarpsdrögum kemur meðal annars fram að ársreikningaskrá skuli leggja sektir að fjárhæð 600.000,- kr. á félög sem vanrækja skyldu sína um að standa skil á ársreikningi eða samstæðureikningi til opinberrar birtingar innan tilskilins frests eða leggja fram ófullnægjandi upplýsingar eða skýringar með ársreikningi. Að mati Viðskiptaráðs er óeðlilegt að sömu viðurlög liggja við því að skila ekki inn ársreikningi og því að leggja fram ófullnægjandi upplýsingar. Viðskiptaráð telur rétt að viðurlagaákvæði frumvarpsdraganna verði endurskoðuð í heild með það að augnamiði að samræma viðurlög og brot, þannig að ekki liggja sömu viðurlög við því að leggja fram ófullnægjandi upplýsingar og því að skila ekki inn ársreikningi.

Annað dæmi um þetta er að finna 69. gr. b. Er þar lögð til sú breyting að ársreikningaskrá verði heimilt að leggja fram kröfu um gjaldþrotaskipti ef félag hefur ekki skilað inn ársreikningi eða samstæðureikningi þegar 8 mánuðir eru liðnir frá því að lögboðinn frestur rann út. Hið sama á við ef 8 mánuðir eru liðnir frá því að frá því að ársreikningaskrá komst að þeirri niðurstöðu að skýringar eða upplýsingar með ársreikningi eða samstæðureikningi hafi ekki verið fullnægjandi. Viðskiptaráð telur þessa breytingu raunar afar íþyngjandi og hvetur ráðuneytið til að skoða hvort aðrar leiðir séu færar til að ná sama markmiði.

Að framangreindu sögðu er gagnlegt fyrir gangverk viðskiptalífsins að ársreikningar félaga liggja fyrir á réttum tíma. Viðskiptaráð hefur í gegnum tíðina hvatt fyrirtæki til að gera bragarbót á skilum ársreikninga en talsverð vanhöld hafa verið þar á. Í því samhengi er jákvætt að lagt sé til að álagðar sektir vegna vanskila á ársreikningum séu lækkaðar sé skjótt brugðist við ábendingum ársreikningaskrár.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpsdrögin verði endurskoðuð með tilliti til ofangreindra athugasemda.**

Virðingarfyllt,



Marta Guðrún Blöndal

Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands